

Með rísandi sól...

Hverjir, hvar, hvernig og hvert - hinn íslenski bifhjólavettvangur

Kynningarefni fyrir:

Meistaraverkefni í verkefnastjórnun

Háskóli Íslands vor 2010

Meistaranevi: Þórdís Rafnsdóttir

Leiðbeinandi: Runólfur S. Steinþórsson prófessor

Á næstunni mun meistaranevi í verkefnastjórnun (MPM) við Háskóla Íslands vinna meistaraverkefni sitt. Viðfangsefnið er hinn íslenski bifhjólavettvangur – kortlagning vettvangs og hönnun skipulagslíkans sem endurspeglar hagsmuni, gildi og framtíðarsýn hins íslenska bifhjólamanns.

Hverjir, hvar og hvernig eru íslenskir bifhjólamenn? Hverjir eru hagsmunir þeirra, gildi og framtíðarsýn? Hvernig sér íslenskt bifhjólafólk vettvanginn þróast til framtíðar?

Þessum spurningum og mörgum fleiri verður svarað í vor þegar verkefninu lýkur. Könnun meðal bifhjólafólks mun fara í gang á næstu vikum. Til að niðurstaðan verði marktæk er mikilvægt að allir þeir sem veljast í úrtak svari könnuninni. Niðurstaðan hefur upplýsinga- og þekkingarlegt gildi fyrir alla þátttakendur á hinum íslenska bifhjólavettvangi og verður til afnota fyrir þá sem vilja.

Munt þú leggja þitt af mörkum til að verðmætar upplýsingar og þekking líti dagsins ljós?

Leggðu þitt af mörkum og taktu þátt með rísandi sól! ☺